

Breytingar á skipulagi Origo og framkvæmdastjórn

REYKJAVÍK – 1. febrúar 2019

Gerðar hafa verið breytingar hjá Origo hf. sem ætlað er að einfalda stjórnskipulag, efla þjónustu við viðskiptavini og styrkja rekstur. Í breyttu skipulagi byggir nýtt svið *Þjónustulausna* í grunninn á starfsemi *Rekstrarþjónustu og innviða* og þjónar því meginhlutverki að veita ráðgjöf við val á upplýsingatækni ásamt því að styðja við og reka upplýsingatækniinnviði viðskiptavina. Svið *Viðskiptaframtíðar* verður lagt niður og verkefni flutt til *Þjónustulausna*, auk verkefna frá *Hugbúnaðarlausnasviði*, m.a. öryggislausnir og aðrar hugbúnaðarlausnir frá samstarfsaðilum.

Framkvæmdastjóri *Þjónustulausna* verður Örn Alfreðsson sem farið hefur fyrir *Viðskiptaframtíð* frá lokum síðasta árs. Linda B. Waage, sem leitt hefur *Rekstrarþjónustu og Innviði* síðustu misseri, mun áfram veita lykilhópum á nýju sviði forstöðu. Eftir breytinguna verður starfsemi Origo rekin í fjórum tekjusviðum og tveimur stoðsviðum, þ.e. *Notendalausnir*, *Hugbúnaðarlausnir*, *Viðskiptalausnir* og nýtt svið *Þjónustulausna*, sem öll njóta svo stuðnings sviðanna *Mannauður og Fjármál*. Í framkvæmdastjórn Origo sitja, auk forstjóra, Dröfn Guðmundsdóttir, Emil Einarsson, Gunnar Petersen, Hákon Sigurhansson, Ingimar Bjarnason og Örn Alfreðsson.

Nánari upplýsingar veitir Finnur Oddsson (í gegnum netfang fo@origo.is eða síma 516 1000)

